



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Funaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólustjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	7
3 Innra mat Helgustekks/Guddumóa	10
4 Innra mat Fagrabrekka/Helgustekkur	12
5 innra mat Fagrabrekka	14
6 Innra mat sérkennslu.....	16
7 Innra mat – fjöltyngd börn	16
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
10 Foreldrasamvinna.....	19
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
12 Fylgigögn.....	21
12.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	21
12.2 Fylgiskjal 2 Dagatal leikskólans	21
12.3 Fylgiskjal 3 Viðburðarskrá	21



**„Í hvert sinn þú gerir eitthvað fyrir
barnið það sem það hefði
sjálft getað gert, heldur þú aftur
af proska þess“**



1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar greinargerðin er rituð hvert ár svona ca í maí/ júní hef ég þann vana á að lesa yfir greinargerð síðustu starfsáætlunar. Það er ekki laust við að hjartað slái örlítið hraðar við þann lestur. Getur það verið? Á ég að þora að skrifa það? Getur verið að Covid19 sé búið?

Þó að við höfum lært af þessum faraldri mikla aðlögunarhæfni, lært að þvo hendurnar mjög vel, lært æðruleysi og fullt af nýjum orðum þá getum við ekki sagt að við söknum Covid19.

Í febrúar opnaði okkar frábæra skógarhús Guddumói og þá fluttu nánast öll börnin af Helgustekk þangað og nánast öll börnin af Fögrubrekku á Helgustekk og starfsfólk færði sig til og ný börn og nýtt starfsfólk byrjuðu leik og störf á Fögrubrekku. Það hefur bara verið aldeilis nóg að gera. Þegar rykið er loks að setjast stefnum við auðvitað ótrauð áfram og hendum okkur í næstu breytingar, en ráðgert er að vinna að viðbyggingu Funaborgar sem skal hýsa nýtt eldhús, fjórar deildar, skrifstofur, stuðningsrými, fundaherbergi, kaffistofu og undirbúningsrými fyrir starfsmenn, hefjist í haust. Við hlökkum til eða hlökkum að minnsta kosti til þegar allt er klárt! Breytingum og raskinu þar til allt er klárt ætlum við að taka með æðruleysinu sem við lærðum á Covid19 tímunum.

Þegar þessi starfsáætlun er rituð er því leikskólinn Funaborg orðinn þriggja deilda leikskóli.



Næsta skólaár munu yngsta deildin Fagrabrekka vera með börn fædd 2020 og 2021, Helgustekkur verður með börn fædd 2019 og 2020 og í skógarhúsinu Guddumóa verða börn fædd 2019, 2018 og 2017.

Í Funaborg trúum við því að barnið

sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfi sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptamynstrum.

Lykilhugtök Funaborgar verða enn sem áður í hávegum höfð hamingja, leikur, málrækt, sjálfræði og heilbrigði. Við höfum sett lykilhugtökin niður á dagatal skólans til að hjálpa okkur enn að fara eftir þeim, auka skilning okkar á þeim og mikilvægi þeirra fyrir börnin.



Við notum verkfærin okkar þrjú, sem eru aðalsmerki Funaborgar.

Þessi verkfæri eru **fimmínútnareglan**, **val** og að segja **já í 99%**

tilfella. Í raun má segja að þessi verkfæri tengist öll jákvæðri

sálfræði. Fyrir breytingar í athöfnum barnanna gefum við aðvörun, við segjum: „Það eru

fimm mínútur þangað til að við...“. Þannig koma breytingar börnunum ekki illa, þau eru

sáttari, þau klára verkefnið, leikinn sem þau eru í þá stundina og vita alltaf til hvers er ætlast

til af þeim. Þegar börnin hafa **val** eykur það á sjálfræði þeirra og sjálfstæði. Börnin hafa **val**

um leikefni, geta valið að flytja sig og efniviðinn á milli staða, val um hvernig þau leggja á

borð o.s.frv. Stundum þegar ekkert val er, t.d. þegar kalt er úti og útifatnaður nauðsynlegur

er hægt að velja, viltu bláu vettlingana eða grænu? Að segja **já í 99% tilfella** er ekki síðra

verkfæri fyrir kennarahópinn en barnahópinn. Samskiptin við börnin verða jákvæðari og við

það verður starfið einnig jákvæðara. Það er stór munur á því að svara barni sem spyr í

matartíma hvort það megi fá meiri mjólk, „já þegar þú ert búin að klára matinn“ eða „nei þú

ert ekki búin með matinn“. Kennarar læra að hugsa, hvers vegna ætla ég að segja nei áður

en þeir svara barni og öðrum samkennurum og um leið verður starfið meira lifandi og opið,

fullt af tækifærum og nýjungum. Verkfærin okkar þrjú eru ásamt því að vera tengd jákvæðri

sálfræði frábær leið til að efla sjálfræði barna. Þegar starfsfólk nær góðum tókum á

verkfærunum getum við með sanni sagt að unnið sé að eflingu sjálfræðis barna á

leikskólanum.

Styrkurinn sem við sóttum um á síðasta skólaári í B hluta þróunarsjóðs Menntastefnunnar

ásamt Hólaborg, Sunnufold, Engjaborg og Háskóla Ísland um *Flæði og samþættingu* var

veittur og í vetur höfum við unnið þrátt fyrir allar hömlur ötullega að því að styrkja kennara í

hlutverki þeirra í leik barna. Fyrirlestrar og námskeið hafa verið haldin mánaðarlega fyrir

deildarstjóra bæði í raunheimum og svo á Teams fundum þegar ekki var óhætt að hittast.

Deildastjórar miðluðu svo áfram til starfsmanna sinna á deildarfundum. Áætlað var að allir

aðilar samstarfsins hittust á starfsdegi en við urðum að færa fyrirlestra okkar í Teams. Við



hittumst svo öll á kvöldfundi á einskonar uppskeruhátíð, þar sem undirvinna myndbandsgerðar fór fram ásamt endurmati á verkefninu. Myndbandsgerðinni er ekki lokið, en er í fullri vinnslu. Myndböndin eru hugsuð sem hjálpartæki fyrir allt starfsfólk og verða um kennarana þrjá í leikskólastarfi, starfsmenn, barnahópin og umhverfið.

A hluta styrkur var ætlaður til að dýpka okkur enn í hlutverki kennara í sjálfsefningu og félagsfærni og fengum við til að mynda Önnu Grétu Guðmundsdóttir til okkar á starfsdegi með fyrirlesturinn „Ég get ákveðið sjálf af því að ég hugsa svo vel með heilanum“.

Bára Kolbrún Gylfadóttir sálfræðingur í Austurmiðstöð (Miðgarði) kom til okkar á starfsdegi með fyrirlestur um náttúrulega kennslu (incidental teaching). Fræðsla ætluð starfsfólki um náttúrulega kennslu að bættri hegðun.

Í ár sækjum við bæði um A hluta þróunarsjóðs Menntastefnunnar og einnig um B hluta þróunarsjóðsins. A hluta styrkinn ætlum við að nota til að fá inn á leikskólann námskeið um vináttu leikskólabarna sem byggir á rannsóknum á einelti. Námskeiðið þekkja margir af bangsanum Blæ. Námskeiðið verður fyrir alla starfsmenn og keypt verður námsefni fyrir allar deildar. B hluta styrkinn er sótt um fyrir áfanga tvö í samstarfsverkefninu okkar um *Flæði og samþættingu: Þátttaka barna í leikskólastarfi*.

Allir leikskólar í Austurmiðstöð í samstarfi við HÍ fengu styrk vegna verkefnis *Innra mat í leikskóla í Austri- samtal og ígrundun*. Stjórnendur Funaborgar eru þátttakendur í þessu þróunarverkefni sem er til eins árs. Markmiðið er að mynda lærdómssamfélag stjórnenda leikskóla, til innleiðingar á reglubundnu, kerfisbundnu innra mati á leikskólastarfi.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Stytting vinnuvikunnar er búið að vera mál málanna hjá okkur í vetur. Vinnuhópur um vinnustyttinguna var settur í málið og kosið var um lengd styttingarinnar og útfærslur.

Kosning leiddi í ljós að vilji var til þess að fara strax í 36 stunda vinnuviku heldur en að byrja á færri tímum og auka svo eftir því sem liðu tímar. Eftir góðan tíma tilrauna, tilfæringa og aðlagana var lögð rafræn könnun fyrir starfsfólk um styttinguna.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stytting vinnuvikunnar	Rafræn könnun	Starfsmenn	Fólki finnst of mikið álag í starfi þegar samstarfsaðilar eru í styttingu þar sem ekki kemur afleysing á móti, en aftur á móti minnkar vinnuálagið að einhverjum hluta vegna styttingarinnar. Starfsfólk er sammála því að betur gangi að skipuleggja skrepp eftir að stytting vinnuvikunnar hófst. Allir eru ánægðir að fá styttingu
Samtal við elstu börnin	Samtal deildastjóra við eitt og eitt barn í einu	Elstu börn leikskólans	Öll börnin svara að það sé skemmtilegt að eiga vin og hafa einhvern til að leika sér við, öll segjast þau líka eiga vin í leikskólanum. Það sem er leiðinlegt í leikskólanum er að meiða og ef einhver er skilin útundan. Öll börnin upplifa ánægju og gleði með flutninginn af Helgustekk yfir í Guddumóa (skógarhúsið). Maturinn í leikskólanum er góður, svarað er oftast að pasta sé besti maturinn og oftast er svarið pasta við spurningunni „er eitthvað sem þér finnst gott og það er aldrei í matinn í leikskólanum?“
Spurningar til elstu barna fyrir útskrift	Fyrirfram ákveðnar spurningar sem leikskólastjóri spurði börnin um í útvist	Útskriftarhópur leikskólans	Börnin voru t.d. spurð hvað má gera og hvað má ekki gera í Funaborg og svöruðu öll að það mætti leika sér og upptalningu á því við hvað má leika sér. Öll börnin átta svöruðu að ekki mætti meiða og skilja útundan í leikskólanum. Mörg börnin svöruðu spurningunni um hvað þau hefðu lært með því að þau hefðu lært að leika fallega og ekki meiða og skilja útundan, „allir leika saman“
Starfsþróunarsamtöl	Samtal við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra	Samtal við einn starfsmann í einu á skrifstofu eða	Starfsmenn minntust margir og lýstu óryggi, óróleika vegna breytinganna sem hafa verið í leikskólanum. Flutningur barna á milli svæða og út í



		undirbúnings herbergi leikskólans	skógarhúsið. Töluvert er af nýju starfsfólki sem fannst það ekki vita nægjanlega mikið um reglur sem gilda t.d. í útivist, í flokkun sorps ofl
Snerpusamtöl deildastjóra við starfsfólk deildanna	Stutt hnitmiðuð samtöl á vinnutíma	Deildastjóri og starfsmaður	Einn deildastjóri tók snerpúsamtöl og fannst það gagnlegt. Gott til að ræða hluti og lagfæra og til að hrósa. Annar deildastjóri náði ekki að setja snerpúsamtölin inn í dagskránnu hjá sér og þriðji deildastjórinn hefur bara nýlega hafið störf á Funaborg
Hvað á að vera í starfsmannahandbók	Allt starfsfólk setti fram sínar hugmyndir á Post it miðum sem safnað var saman og skráð	Allt starfsfólk á starfsdegi í leikskólanum	Á miðunum kom mikið fram um vöntun á upplýsingum um reglur, um hlutverk á svæðum ofl

Ytra mat

Viðhorfsskönnun var send starfsmönnum allra leikskóla í Reykjavík á vorönn 2022 en svörun starfsmanna í Funaborg var mjög dræm og niðurstöður því ekki marktækar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Rafrænt sent í tölvupósti til allra starfsmanna	Allt starfsfólk	Vegna dræmrar þátttöku starfsmanna í svörun könnunarinnar voru niðurstöður ekki gefnar út (ekki marktæk könnun)

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Umbótaþáttur - matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Starfsþróunar samtal leikskóla og aðstoðarleikskólastj	Eitt þróunarsamtal á ári við annað hvort leikskólastj eða aðstoðarleikskólast	Samtalatímab sett inn í dagatal leikskólans	Leikskólast Aðstoðarl	Mars	Mars	Samtalsform	Ánægðara starfsfólk. Vettvangur til að leysa vandamál. Að raddir allra heyrist. Að nýta mannauðinn
Snerpusamtöl deildastjóra	Snerpusamtöl verða tvo á ári. Stutt samtöl, hrós og hlustun	Samtalatímab Sett inn í dagatal leikskólans	Deildastj.	Okt	feb	Samtalsform	
Uppeldis- og menntastarf							
Menntastefnan	Þróunarverkefni fjórir leikskólar Samþætting og flæði Þátttaka barna í leikskólastarfi	Mánaðarl. fyrirlestrar og umræður, fyrst í stjórnanda hóp og svo á deildarf. Tveir kvöldfundir, allt starfsfólk, Kynningarf. í sept og matsf í apríl Starfenda rannsókn	Stjórnendur	Sept 22	Mai 23	Matsfundur og lokaskýrsla í maí Fræðslu myndbönd fyrir starfsmenn	Virkara starfsfólk. Meiri vitund um getu barna og hæfileika til þátttöku í leikskólastarfi
Mannauður/ Leikskólabragur							
Starfsmannah. bók, Námskrá leikskóla	Vinna að starfsm handbók og að námskrá leikskólans	Vikuleg vinnustund 2 st handb og 2 st námskrá	Leikskólast Aðstoðarlei	Ágúst 2022	Mai 2023	Kaflar og efni kynnt á starfsd og á fb síðu starfsmanna	Handbók og námskrá fullgerðar
Innra mat Starf með börnum							
Vinátta barna og félagsfærni	Námskeið á starfsdegi um vináttu leikskólabarna	Vináttu verkefnið um Bangsann Blæ	Stjórnendur	Haut 2022	Vor 2023	Samtöl, skráningar	Sterkari vináttutengsl og félagsfærni barna



3 Innra mat Helgustekks/Guddumóa

Þetta skólaár einkenndist af miklum breytingum hjá okkur. Fyrir áramót voru enn miklar takmarkanir í gildi vegna Covid19 og þar að leiðandi voru mörg námskeið og ferðir sem dattu út. Við reyndum að stökkva til um leið og gluggi opnaðist á takmörkunum og náðum að komast á námskeið í Húsdýragarðinum og fara í heimsókn í Borgarleikhúsið og í tónlistarskóla.

Okkar leikskóli hefur verið að taka þátt í þróunarverkefni sem nefnist Flæði og samþætting ásamt þremur öðrum leikskólum. Úr því verkefni tókum við fyrir tvo þætti annar var um vináttu barna. Við lásum sögur um vináttu, sungum lög um vináttu, notuðum samverustundir til að ræða vináttu. Börnin teiknuðu síðan myndir af sér og vinum sínum. Eftir veturinn finnst okkur börnin vera mjög meðvituð um vináttu, um að skilja ekki útundan og að leysa ágreining með orðum og gera það jafnvel sjálf. Þessir mikilvægu þættir að tilheyra, að eiga vini og vera félagslega fær eru grunnstoðir „leikskóla“lífsins og við viljum halda áfram að efla þessa þætti.



Seinni þátturinn sem við tókum fyrir var leikstundir, hvernig við gætum lengt leikstundirnar og breytingar á skipulagi á deildinni. Það passaði við markmiðin sem við settum okkur fyrir deildina um að gera breytingar á umhverfi deildarinnar. Við prófuðum að opna strax svæði í Kotmýri kl 8 á morgnana sem venjulega var opnað kl 9 fyrir elstu börnin, þannig náðu sum börnin sem mættu snemma um tveggja tíma leik. Við færðum saman fund og ávaxtastund rétt fyrir 10 og minnkuðum að verið væri endalaust að brjóta upp leikinn. Allt leikefni er aðgengilegt fyrir börnin. Þessi breyting kom mjög vel út og voru bæði börn og starfsfólk ánægt.

Í janúar urðu miklar breytingar hjá okkur þegar við opnuðum deild í skógarhúsinu og 24 börn fluttust af Helgustekk yfir í Guddumóa. Þessar breytingar hafa tekið á bæði fyrir börn og starfsfólk. Þau voru fyrst mjög óörugg og voru mikið að æða um og náðu ekki að festast í leik og voru ekki að ráða við flæðið á nýjum stað. Því þurfti ég að hópaskipta þeim á morgnana til að ná ró í barnahópin. Núna í maí sjáum við mikla breytingu hjá þeim þau eru orðin örugg á deildinni og detta í góðan og langan leik. Gaman að sjá að sum börnin eru búin að fatta á hvaða svæði hópurinn þeirra er svo þau velja strax þangað á morgnana til að ná lengri leikstund á sínu svæði.



Umbótabáttur - matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinátta	Að börn finni að þau eigi vini og tilheyri hóp í leikskólanum.	Að allt starfsfólk sé meðvitað hvað vinátta og félagsleg samskipti eru börnum mikilvæg. Að starfsfólk efli félagslegt umhverfi í leikskólanum.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Meta á deildarfundum, kynna þróunarverkefnið fyrir starfsfólki. Vináttuvefur og tengslakönnun. Spurningalistar fyrir börnin haust og vor.	Að starfsfólk öðlist betri skilning á mikilvægi vináttu barna.
Skráningar	Að öll börn fái sína leikskráningu í ferilmöppuna sína.	Kynna fyrir öllu starfsfólki á deildinni. Að hver starfsmaður hafi sinn hóp.	Deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Metið og farið yfir ferilmöppurnar á hálfárs fresti á deildarfundum	Að öll börn eigi skráningar um sig eftir veturinn

4 Innra mat Fagrabrekka/Helgustekkur

Þetta skólaár einkenndist af miklum breytingum hjá okkur. Fyrir áramót var enn töluvert um takmarkanir v/Covid-19, sem hafði þau áhrif á okkur að dót að heiman var ekki í boði eða takmarkað, viðvera foreldra var takmörkuð í húsi svo við höfðum foreldrasamtöl símleiðis í október fyrir þá sem það vildu, svo þau féllu ekki niður.

Eftir áramót urðu miklar breytingar hjá okkur þegar ný deild var opnuð í skógarhúsinu okkar Guddumóa. Af Fögrubrekku fluttust 14 börn yfir á Helgustekk 2. börn voru þar fyrir og 2.ný börn byrjuðu í janúar samtals 18 börn á deildinni. Það hefur tekið svolítið á að aðlagast



nýjum breytingum, bæði fyrir börn og starfsfólk. Við höfum verið að móta deildina og svæðin vel utan um okkur svo öllum líði vel. Við sjáum mikla breytingu núna í apríl-maí hvað börnin eru orðin mikið öruggari, bæði með nýju svæðin á nýrri deild og hvað allt gengur miklu betur.

Okkar leikskóli ásamt þremur öðrum leikskólum hefur verið að taka þátt í þróunarverkefni sem nefnist **flæði og samþætting**. Úr því verkefni tókum við þátt um **vináttu barna**, við fórum í verkefnið í hópastarfi og þar var rætt um vináttu og skoðuð félaga tengsl barnanna. Í

samverustundum var lesið bækur um vináttu og rætt um vináttu. Eftir þetta verkefni gátum við séð hverjir voru vel staddir félagslega og hverjir þurfa aðstoð.

Hópastarf hefur haldist og við erum með börnin í þremur minni hópum Kisu, Hvolpa og Stjörnuhóp. Við erum búin að vera að æfa okkur á verkefnum tengdum **Lubbi finnur málbein** bæði börnum og starfsfólki finnst það mjög spennandi verkefni.

Markmið okkar voru sett á **málörvun** að leggja inn orð, setja orð á allar athafnir, lestur bóka, syngja og spila. **Sjálfshjálp/sjálfsefning** að börnin geti klætt sig sjálf, borðað og gengið frá eftir sig, þeim gefin góður tími og tækifæri til gera sjálf og æfa sig.

Frjáls leikur er stór þáttur í okkar starfi. Við höfum haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar það á við. Ætlunin var að rýna betur í hlutverk starfsmanna í leik barnanna.

Seinni foreldrasamtöl á þessari önn voru núna í maí.

Á deildarfundum á Helgustekk er talað um barnahópinn, og farið yfir hvað er að ganga vel og hvað er hægt að bæta á deildinni og hvernig.



Umbótapáttur - matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Eins og fyrr, að allt námsumhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska þeirra. Setja orð á athafnir og nota virka hlustun ásamt því að lesa fyrir börnin.	Skerpa á notkun orðaforðalistans. Virkja starfsfólk til að nota verkfærið gefum 10. Lubbastundir, málörvunarstundir	Deildarstjóri, sérkennslustjóri deildarstarfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Unnið að málörvun allt árið og í öllum aðstæðum leikskóla Rýnivinna starfsmanna deildarinnar fer fram á deildarfundum.	Að börnin nái tökum á íslensku tungumáli, bæði málskilningi og bæti við sig orðaforða.
Sjálfsþing Félagsfærni	Að skapa jákvætt og hvetjandi leik og námsumhverfi sem ýtir undir og styður við sjálfsöryggi og frumkvæði barnanna.	Nýtum okkur ýmsar aðstæður í starfinu bæði í frjálsum leik og skipulögðum stundum. Börnin læri að koma fram með hugsanir sínar og öðlist trú á eigin getu.	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Rýnihópur á deildarfundum með skráningu	Að börnin geti borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og fái tækifæri til að vinna úr eigin styrkleikum
Skráningar	Gera leikskólastarfið gegnsærra og sýnilegra	Skrásetja viðburði og vinnu barnanna ásamt myndum í ferilmöppur þeirra. Bæta upplýsingagjöf til foreldra í gegnum Völuna	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat í lok annar	Að foreldrar séu upplýstari um það sem fram fer í leikskólanum og geti betur fylgst með

5 Innra mat Fagrabrekka

Þetta skólaár hefur verið allskonar. Hluta ársins hafði Covid-19 enn áhrif á okkur og við gert okkar allra besta til að halda starfinu með nýjum leiðum. Það gengur auðvitað upp með þrautseigju og vilja. Þegar Covid-19 hafði ekki eins mikið áhrif gátum við haldið áfram með starfið okkar eins og við erum vön.

Ég, Þórey Rán Brynjarsdóttir, deildarstjóri á Fögrubrekku hóf störf hér 1. febrúar 2022. Vegna breytinga á Funaborg þar sem opnuð var þriðja deildin hófum við aðlögun í febrúar á Fögrubrekku. Febrúar og mars fóru því í að aðlaga börn og mynda öryggi fyrir þau, við notuðum fyrstu mánuðina í að kynnst bæði leikskólanum og hvort öðru.

Við höfum lagt mikla áherslu á frjálsa leikinn og æfa með börnunum samskipti og efla þar afleiðandi samskiptahæfni sína í gegnum leikinn.



Markmið síðasta árs var að eiga jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu til að læra á eigin þarfir, tilfinningar og upplifun á samskiptum við aðra. Við lögðum áherslu á tilfinningar og líðan og höfðum tilfinningar myndrænar. Við töluðum um að viðurkenna tilfinningar okkar, það er alltaf rými fyrir allar tilfinningar.

Covid-19 hafði einhver áhrif á hópastarf síðast liðins árs en við gerðum okkar besta til að halda því inni. Á deild eins og Fögrubrekku felst hópastarfið ekki einungis í því að föndra. Við leggjum áherslu á að kenna samskipti. Frjálsi leikurinn er partur af hópastarfi, þá skiptum við hópnum í litla hópa þar sem auðveldara er að mynda

góðan leik. Í gegnum leikinn lærðu börnin að taka sjálfstæðar ákvarðanir og þannig eflist sjálfmynd barnanna.

Gerðar voru svo myndrænar skráningar sem settar eru í ferilmöppur barnanna.

Umbótapáttur - matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri málhljóð vikunnar	Það verða tvö málhljóð í hverri viku. Við lærum lögin og ræðum málhljóð vikunnar.	Deildarstjóri	1.september 2022	1. júní 2023	Metið á deildarfundum, þar sem farið er yfir hvað má gera betur og hvernig gengur.	Að börnin kunni málhljóð stafa og læri að bera rétt fram. Styrkir málörvun og orðaforða barnanna.
Frjáls leikur	Að börnin læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir og styrkja sjálfsmynd barnanna.	Frjálsi leikurinn er alltaf inn í vikuplani og farið er í frjálsan leik á hverjum degi í litlum hópum.	Deildarstjóri	1.september 2022	1.júní 2023	Á deildarfundum er metið hvernig og hvað mætti gera betur og farið yfir hvernig gengur.	Að börnin læri að taka ákvarðanir og fái frjálsan aðgang að efnivið og leikföngum.
Sjálfshjálp/sjálfsefning	Að leyfa börnunum að leysa ágreining sjálf eins mikið og þau geta, læri að gera hluti sjálf eins og að klæða sig, mata sig og þess háttar.	Gefa börnum tíma og ekki grípa og fljótt inn í. Kennari er þó alltaf til staðar en að reyna leyfa þeim að vinna sjálf að því að leysa verkefni.	Deildarstjóri	1.september 2022	1.júní 2023	Metið á deildarfundum.	Að börnin hafi trú á sjálfum sér og geti gert hlutina sjálf að mestu.

6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Börn sem hafa fengið úthlutaðan stuðning fá þjálfun við sitt hæfi. Teymið (foreldrar, greiningaraðilar, sérkennslustjóri, sérkennsluaðili og ráðgjafar) ákveða á teymisfundum hvers konar þjálfun skuli fara fram. Þjálfun fer fram á deild og í hóp ásamt einstaklingsþjálfun eftir því sem við á. Tvítýngd börn sem þurfa þjálfun íslensku að halda fá þjálfun á deild aðallega en einnig í sérkennslurými. Gefðu 10 var notað á öllum deildum, sem og einstaklingslestur. Símat er í atferlisþjálfun og skipulagðri kennslu á þar til gerðum eyðublöðum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS listinn, Skráningareyðublöð v/ atferlisþjálfunar og skipulagðrar kennslu, Hljóm-2 fyrir elsta hópinn, listar frá þjónustumiðstöð til dæmis ADHD kvarði, SDQ og fleiri, EFI-2, Orðaskil og smábarnalistinn.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Bækur, félagsfærnisögur, ýmis verkefni, Lubbi finnur málbein, Tákn með tali, Widgit, lærum og leikum með hljóðin.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

Umbótapáttur-matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvunarhóp.	Aukin málörvun, skipulögð þannig að fleiri en sérkennsluaðilar geti sinnt	Skipulagðir málörvunarhópar á deildum. Börn með sömu frávík í málþroska	Sérkennslust.	Allt árið	Allt árið	Skráning	Aukin hæfni barna

7 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn hefur verið nýtt í kaup á námsgögnum, bækur, spil, nýjan iPad og skynjunarleikföng.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	„Gefðu 10“ hefur lengi verið notað í Funaborg. Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á daglegar athafnir og nýta sérstaklega heppilegar stundir til þess eins og fataklefann, matartíma, handþvottatíma o.s.frv. Myndrænt skipulag og Lubbi finnur málbein hefur verið notað líka í vetur.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það er lesið, sungið og haldnir fundir á hverjum degi og farið er yfir daginn. Í samverustundum og söngstundum eru orð sem börnin þekkja ekki útskýrð fyrir þeim. Í öllum samskiptum við börnin eru orð sett á athafnir og reynt er að dýpka orðaforða og lengja setningar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Stefnt er á að nota „Hæfniramar“ í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“ á næsta skólaári (nýtt verkfæri). Börn af erlendum uppruna sem eru með úthlutaðan stuðning fá einstaklingsáætlun.

Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Ekki markvisst eða skráð en auðvitað sinnt. Vonumst til betri og markvissari skráningu með nýju verkfæri „Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn
--	--

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

Umbótapáttur-matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramar í íslensku	Kynnast þessu verkefni almennilega. Fá kynningu frá SFS	Prófum okkur áfram. Ný matstæki sem meta framfarir fjöltyngdra barna	Tengiliður fjölmennningar	Allt árið	Allt árið	Ákveðið síðar	Aukin hæfni barna með fjöltyngi. Einstaklings námskrár
Gefðu 10	Virkja starfsfólk enn frekar til notkunar á þessu verkfæri	Meiri eftirfylgni og fyrirfram ákveðin markmið	Sérkennslustjóri	Allt árið	Allt árið	Með þar til gerðum skráningarblöðum	Aukin færni barna

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunar og snerpusamtöl

Starfsþróunarsamtöl leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru dagsett í mars 2023.

Snerpusamtöl deildastjóra við deildarstarfsmenn eru dagsett í október 2022 og í febrúar 2023.

Annar hluti þróunarvekefnis okkar Flæði og samþætting/þátttaka barna í leikskólastarfi

Funaborg ásamt leikskólunum Engjaborg, Hólaborg og Sunnufold og Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttir fengu styrk frá Skóla og frístundasviði vegna verkefnisins *Þátttaka barna í leikskólastarfi* en verkefnið snýr að því að þróa hlutverk kennara og annars starfsfólks í að stuðla að leik sem megin námsleið barna. Fræðsla til starfsmanna mun fara fram með fyrirlestrum t.d. á starfsdögum. Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun um alla þá fræðslu sem verður í boði.



Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

Á síðasta ári var fyrirhugað að fá til okkar fræðslu um hæfnisramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Vegna Covid19 reyndist okkur það ekki gjörlegt og verður það því sett aftur á dagskrá á þessu skólaári. Námskeiðið verður haldið á starfsdegi.

Vináttuverkefnið um bangsann Blæ

Námskeið verður haldið á starfsdegi fyrir allt starfsfólk um vináttu verkefnið Blæ. Verkefnið byggir á rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi skóla.

Erasmus styrkur

Fyrir Covid19 fékk Funaborg ásamt leikskólunum Engjaborg, Hólaborg og Sunnufold styrk frá Erasmus sem nýta átti í námsferðir til Evrópu fyrir stjórnendateyma leikskólanna. Samtals eru þetta 32 ferðir sem deilast á milli leikskólanna fjögurra. Við höfum fengið frest til nóvember 2023 til að klára þennan styrk og á haustmánuðum verður farið í nánari skipulag.

Þróunarverkefni *Innra mat í leikskóla Austri samtal og ígrundun*

Funaborg tekur þátt í verkefninu *Innra mat í leikskóla Austri – samtal og ígrundun*. Þetta verkefni er samstarfsverkefni allra leikskóla í Austurmiðstöð við Háskóla Íslands. Markmið þessarar verkefnis er að mynda lærdómssamfélag stjórnenda leikskóla með það fyrir augum að fræða þá og styrkja í að innleiða reglulegt, kerfisbundið innra mat á leikskólastarfi með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hamraskóli er samstarfsskóli Funaborgar. Síðast ár var lítið um samstarf vegna Covid19 en við vonumst til að samstarfið verði aftur mikið og öflugt þetta skólaár. Elsti árgangurinn með í skólaheimsóknir með leikskólanum Klettaborg. Þá verður samstarf við frístundarheimilið Sibað sæfara. Dagskráin er ekki tilbúin, kemur frá Hamraskóla haust 2022.

10 Foreldrasamvinna

Í ár er ætlunin að vera með foreldrafund í húsi. Það gæti þó breyst vegna framkvæmda og fleiri utanaðkomandi aðstæðna. Ef svo verður munum við aftur setja upp rafrænan foreldrafund. Fundurinn verður í lok september eða byrjun október. Á þessum fundi er kosið í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð.

Foreldrasamtöl deildastjóra og foreldra eru tvisvar yfir skólaárið. Einu sinni í húsi og eitt samtali í síma. Foreldrar geta hvenær sem er utan þessa ákveðna tíma óskað eftir samtali, hvort sem er við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra eða leikskólastjóra.

Í desember baka börnin og bjóða foreldrum sínum í foreldrakaffi. Öfum og ömmum er svo boðið í vöffur í mars.

Í lok nóvember í samvinnu við foreldrafélagið er piparkökumálun. Við þurfum að skoða þegar nær dregur skipulag þessarar stundar vegna breytinganna. Sumarhátíð er haldin í júní og þar koma börn, starfsfólk og foreldrar saman og gleðjast, þennan viðburð þarf að skoða með tilliti til breytinganna næsta haust. Elsti árgangur leikskólans býður foreldrum sínum til útskriftarveislu í maí.

Foreldraráð, leikskólastjóri og tengiliður starfsmanna hittast á nokkrum fundum yfir árið og ræða málin. Foreldraráð kemur að öllum stærri ákvörðunarmálum leikskólans og foreldraráð les yfir starfsáætlun og samþykkir áður en henni er skilað.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólar Reykjavíkur eiga sex starfsdaga á ári, þrír af þeim eru sameiginlegir grunnskólum og dagsetning hinna þriggja er ákvörðun stjórnendateymis í leikskólanum.

Þetta skólaár eru starfsdagarnir þessir:

22. september 2022 – Ráðstefna um yngstu börn leikskólans

07. október 2022 sameiginlegur með grunnskólum í Grafarvogi – Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

06. febrúar 2023 sameiginlegur með grunnskólum í Grafarvogi – ákveðið síðar



27. mars 2023 Námskeið um vináttuverkefnið Blæ

10. maí 2023 sameiginlegur með grunnskólum í Grafarvogi – ákveðið síðar

09. júní 2023 Hópeflisdagur starfsmanna Funaborgar

12 Fylgigögn

12.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

12.2 Fylgiskjal 2 Dagatal leikskólans

12.3 Fylgiskjal 3 Viðburðarskrá

F. h. leikskólans Funaborgar

Agnes Jónsdóttir 30. júní 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Nafn leikskóla**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hrönn Þorgeirsdóttir
Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir
Bára Kolbrún Gylfadóttir
Fríða Björk Skúladóttir
Sif Jónsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Funaborgar fyrir veturinn 2022 – 2023 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur.

Síðastliðinn vetur hefur verið krefjandi á margan hátt og starfsemi Funaborgar óhjákvæmilega ekki eins sýnileg foreldrum og fyrri ár. Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig þær áskoranir sem Covid hefur sett leikskólastarfinu hafa verið leystar á árangursríkan hátt með það að markmiði að viðhalda metnaðarfullu leikskólastarfi. Þegar takmarkanir vegna Covid féllu niður í vetur breyttist sem betur fer allt og aftur var mögulegt að bjóða aðstandendum inn í húsið, þ.á.m. í foreldrakaffi, jólaföndur og á vorhátíð.

Við lestur á innra mati leikskólans er greinilegt að allir vinna saman að því markmiði að gera Funaborg að leikskóla þar sem börnin dafna vel í leik og starfi. Stefna og faglegt starf leikskólans er metnaðarfullt og einkennist af áhugasömum verkefnum sem hæfa aldri og þroska barnanna. Starfsfólk er jafnframt vakandi fyrir að bregðast við og er óhrætt við að breyta um plön þegar þörf er á.

Funaborg sótti um og fékk veittan styrk á síðasta skólaári í B hluta þróunarsjóðs Menntastefnunnar ásamt Hólaborg, Sunnufold, Engjaborg og Háskóla Ísland um *Flæði og samþættingu*. Í vetur hafa starfsmenn þrátt fyrir allar hömlur unnið ötullega að því að styrkja kennara í hlutverki þeirra í leik barna. A hluta styrkur, sem einnig var veittur, var ætlaður til að dýpka starfsfólk enn frekar í hlutverki kennara í sjálfsefningu og félagsfærni.

Í ár verður sótt um bæði A og B hluta þróunarsjóðs Menntastefnunnar. A hluta styrkurinn verður notaður til að fá inn á leikskólann námskeið um vináttu leikskólabarna sem byggir á rannsóknum á einelti. B hluta styrkurinn er fyrir áfanga tvö í samstarfsverkefninu um *Flæði og samþættingu: Þátttaka barna í leikskólastarfi*. Allir leikskólar sem tilheyra Austurmiðstöð, í samstarfi við HÍ, fengu styrk vegna verkefnis *Innra mat í leikskóla í Austri- samtal og ígrundun*. Stjórnendur Funaborgar eru þátttakendur í þessu þróunarverkefni sem er til eins árs.

Í febrúar opnaði skógarhúsið Guddumói og þá fluttu nánast öll börnin af Helgustekk þangað og nánast öll börnin af Fögrubrekku á Helgustekk. Starfsfólk færði sig til og ný börn og nýtt starfsfólk byrjuðu leik og störf á Fögrubrekku.

Í innra mati á leikskólastarfi lýstu margir starfsmenn óöryggi og óróleika vegna breytinganna sem hafa verið í leikskólanum og flutnings barna á milli svæða og út í skógarhúsið. Mikilvægt er að hlusta vel á áhyggjur starfsfólks og óskir þeirra varðandi breytingar, þar á meðal um að leikskólalóðin sé almennilega girt af. Vegna framkvæmda mun komandi ár verða krefjandi en vonandi sér það frábæra starfsfólk sem Funaborg býr yfir þó ljós við enda gangnanna eftir langa bið eftir bættri vinnuaðstöðu.

Það verður spennandi að fylgjast með þeirri þróun sem verður á starfsemi Funaborgar á komandi vetri.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Bára Kolbrún Gylfadóttir, Sif Jónsdóttir, Fríða Björk Skúladóttir, Hrönn Þorgeirsdóttir, Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir



Viðburðaskrá

Ágúst

Lykilhugtakið hamingja

Aðlögun nýrra barna inn á Fögrubrekku, Helgustekk og Guddumóa

Flutningur barna af Fögrubrekku og Helgustekk

September

16. september Appelsínugulur dagur

22. september starfsdagur - Ráðstefna

29. september – Foreldrafundur – tímasetning síðar

Ódagsett

sept til nóvember tvo námskeið 2017 árgerð í Fjölskyldu og húsdýragarðinum

Október

Lykilhugtakið málrækt

07. október sameignlegur starfsdagur með grunnskóla

14. október Bleikur dagur

27. október Alþjóðlegur bangsadagur

Ódagsett

Bókasafnsferð 2018 árgerð

Foreldrasamtöl

Nóvember

08. nóvember Baráttudagur gegn einelti

16. nóvember Dagur íslenskrar tungu

20. nóvember Dagur mannréttinda barna

25. nóvember Jólagleði starfsmanna

Ódagsett

Bókasafnsferð 2018 árgerð

Körfugerð fyrir foreldrakaffi

Piparkökumálun foreldrafélagsins

Desember

28 nóvember - 01 desember bakstur f.foreldrakaffi

02. desember foreldrakaffi

16. desember jóla jóla dagur

21. desember Náttfatadagur á stysta degi ársins. Kósí dagur

Ódagsett

Elstu börn fara í heimsókn í Árbæjarsafn og sjá jólin í gamla daga (2017)

Janúar

Lykilhugtakið Leikurinn

06. janúar, þrettándinn, síðasti dagur jóla skv. íslenskir jólahefð

20. janúar Bóndadagur. Þorrablót, allir mæta í einhverju úr lopa

Ódagsett

Bókasafnsferð 2018 árgerð

Febrúar

06. febrúar Dagur leikskólans - sameignlegur starfsdagur með grunnskóla

10. febrúar Svart/hvítur dagur

19. febrúar konudagurinn

20. febrúar Bolludagur, Bollur í hádeginu og rjórabollur í kaffinu

21. febrúar Sprengidagur, saltkjöt og baunir, túkall og borðum þar til við springum

22. febrúar Öskudagur, sannkallaður krakkadagur, búningar eða furðuföt, kötturinn sleginn úr tunnunni, pylsusjoppa og djús í hádeginu og kaka í kaffinu. Dans, frjáls leiksvæði á milli deilda og bío, verður það nokkuð betra?

Ódagsett

Bókasafnsferð 2018 árgerð

Mars

Lykilhugtakið Sjálfræði

17. mars Afa og ömmu vöflukaffi

21. mars Rokkum á sokkum – dagur Downs heilkennis, allir mæta í ósamstæðum sokkum.

27.mars starfsdagur - Blær

Ódagsett

Bókasafnsferð 2018 árgerð

Ferð 2018 árgangsins í þjóðminjasafnið

Apríl

14. apríl Gulur dagur

06. apríl Skírdagur

07. apríl föstudagurinn langi

09. apríl Páskadagur

10 .apríl annar í páskum

20. apríl Sumardagurinn fyrsti

Ódagsett

Bókasafnsferð 2018 árgerð

ferð 2018 árgerð í dótasafnið í Árbæjarsafni

Maí

10. maí starfsdagur sameiginlegur með grunnskólanum

25. maí Útskrift elstu barna

10. maí Uppstigningardagur

28. maí Hvítasunna

29. maí annar í hvítasunnu

Ódagsett

Bókasafnsferð 2018 árgerð

Júní

1. júní fjögurra ára afmæli Funaborgar og snúðaskokk

09. júní starfsdagur

Júlí

Skil á starfsáætlun

Annað sem ekki er búið að setja niður á mánuði

Sinfónía Íslands býður elstu börnum á tónleika

Þjóðleikhús og borgarleikhúsið bjóða elstu börnum í heimsókn

Samstarf við Hamraskóla og Sinbað sæfara (frístundarheimili)

Slökkviliðið kemur í heimsókn elsti árgangur

Umferðarfræðsla elsti árgangur